

## Fundargerð 120. fundar stjórnar SSNV, 11. mars 2025

Priðjudaginn 11. mars 2025, kom stjórn SSNV saman til auka fundar á Teams. Hófst fundurinn kl. 9.15. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Álfhildur Leifsdóttir, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Uppsögn framkvæmdastjóra
2. Ráðning framkvæmdastjóra
3. Eyðingarstöð fyrir dýrahæ í efsta áhættuflokki
4. Þingsályktun um stefnu um farsæld barna

### Afgreiðslur

#### 1. Uppsögn framkvæmdastjóra

Katrín M Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri, leggur fram uppsögn á starfi sínu með ósk um að láta af störfum hið fyrsta.

Formaður leggur fram eftirfarandi bókun frá Katrín M Guðjónsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóra.

*Ég hef verið þess heiðurs aðnjótandi að fá að starfa í þágu Norðurlands vestra sem framkvæmdastjóri SSNV undanfarin ár. Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem ég hef starfað með á þeim tíma, stjórnarmönnum, kjörnum fulltrúum, starfsmönnum sveitarfélaga á starfssvæðinu, íbúum sem og samstarfsfólki utan landshlutans, fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir færi ég starfsfólki samtakanna fyrir frábært samstarf og óska þeim, ásamt viðtakandi framkvæmdastjóra, farsældar í störfum sínum í þágu landshlutans.*

Stjórn þakkar Katrínu M Guðjónsdóttur, fráfarandi framkvæmdastjóra SSNV, kærlega fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna og samfélagsins alls í landshlutanum. Stjórn óskar henni velfarnaðar í nýju starfi og samþykkir að hún láti að störfum 1.apríl 2025 og sé til viðtals eftir samkomulagi.

#### 2. Ráðning framkvæmdastjóra

Stjórn er sammála um að staðan verði ekki auglýst að svo komnu máli heldur verði stjórnarformanni falið að vinna málið áfram og koma með tillögu inn á næsta stjórnarfund í samræmi við umræður fundarins.

#### 3. Eyðingarstöð fyrir dýrahæ í efsta áhættuflokki

Fyrir liggur tillaga um uppbyggingu á vinnslustöð fyrir dýrahæ í efsta áhættuflokki á Dysnesi við Eyjafjörð.

Stjórn SSNV tekur undir mikilvægi þess að fundin verði lausn á því úrræðaleysi sem uppi er á Íslandi um eyðingu dýrahæja og öðrum úrgangi sem telst til efsta áhættuflokks. Samhliða þarf einnig að vinna að lausn á eyðingu eða aukinni nýtingu sláturmats. Mjög mikilvægt er að ríkið hafi forgöngu í málinu og komi að lausn þess af fullum þunga. Stjórn SSNV tekur undir fyrirbyggjandi áskorun um að ríkið hafi forgöngu um að reisa vinnslustöð fyrir dýrahæ af hæsta áhættuflokki á Dysnesi við Eyjafjörð.

#### 4. Þingsályktun um stefnu um farsæld barna

Stjórn samþykkir að SSNV taki undir umsögn varðandi mál í samráðsgátt S-50/2025 með Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10.

Einar E. Einarsson,  
Álfhildur Leifsdóttir,  
Magnús Magnússon,  
Guðmundur Haukur Jakobsson,  
Halldór Gunnar Ólafsson,  
Katrín M. Guðjónsdóttir.